

fyrir framkvæmdarstjórn hans, er það að segja í fyrsta lagi, að þar eð greiðslan fyrir framkvæmdarstjórnina, skrifstofuhaldið og það annað, er honum bar fram að leggja samkvæmt fyrrnefndri ráðningu, er til tekin í einu lagi sem heildargreiðsla, er eigi unnt að greina greiðsluna fyrir framkvæmdarstjórnina sérstaklega frá greiðslunni fyrir hin atriðin, er um ræðir í ráðningunni, þannig að sagt verði með vissu, hve miklu hún nemi, enda er eigi gerð tilraun til þess í málinu, nema að því er snertir greiðsluna fyrir húsnæði, hita, ljós og ræstingu. Í öðru lagi verður að álitu réttarins að telja, að orðin „annarra þjónustumanna“ í 5. lið 83. gr. skiptalaganna taki aðeins til þeirra þjónustu- eða starfsmanna, er hafa að verulegu leyti svipaða aðstöðu til kaupgreiðanda síns og kaupgreiðslu og hjú, daglaunamenn og aðrir þeir flokkar manna, sem sérstaklega eru taldir upp í greinarliðnum, en eigi verður talið, að svo sé háttað um framkvæmdarstjóra hlutafélaga.

Samkvæmt þessu er eigi heldur unnt að taka þenna hluta hinnar umdeildu kröfu til greina sem forgangskröfu.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður skuli falla niður.

#### Dvi úrskurðast:

Finnur Jónsson á kröfu að upphæð kr. 5731.04 í þrotabú h/f Hávarðs.

Kröfu þessa ber að taka til greina í búið sem almenna kröfu, en eigi sem forgangskröfu.

Mánudaginn 17. marz 1947.

Nr. 163/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Lárus Fjeldsted)

gegn

Jóni Þorbergi Eggertssyni

(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Líkamsáverkar. Brot gegn umferðarlöggjöf.

#### Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem fram er komið við rannsókn málsins, verður að telja, að ákærði hafi ekið með óhæfilegum

hraða af Hellisgötu inn á aðalbrautina Reykjavíkurveg. Að öðru leyti er atvikum málsins nægilega lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms.

Ákærði hefur gerzt brotlegur gegn 26. og 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, 2., 4., 6. og 7. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 svo og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jón Þorberg Eggertsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Fjeldsteds og Garðars Þorsteinssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 21. september 1946.

Ár 1946, laugardaginn 21. september, var í aukarétti Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Guðmundi Í. Guðmundssyni bæjarfógeta, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 13. september s. l.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Þorbergi Eggertssyni bifreiðarstjóra, nú til heimilis að Hjallavegi 48, Reykjavík, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 31. maí 1925, og hefur ekki, svo vitað sé, sætt ákæru né refsingu fyrir neitt lagabrot.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 15. apríl 1946 var hringt frá sundlauginni í Hafnarfirði á bifreiðastöð Sæbergs þar og beðið um bifreið.

Ákærði, Jón Þorberg Eggertsson, sem þá var bifreiðarstjóri við stöðina, ók þegar í fólksflutningabifreiðinni G 540 vestur eftir til sundlaugarinnar og tók þar Hjálmar Tómasson í bifreiðina. Hann bað um að aka sér til barnaskólans og kvaðst þurfa að flýta sér, þar sem hann væri orðinn of seinn.

Ákærði ók greitt austur Krosseyrarveg og upp Vesturbraut, en beygði síðan inn á Kirkjuveg og því næst Hellisgötu. Er hann ók austur eftir vinstri kanti Hellisgötu, var allmikil ferð á bifreiðinni, eða ca. 20 km, miðað við klukkustund, en þegar hann kom að gatnamótum við Reykjavíkurveg, hægði hann lítið eitt á ferðinni, en hélt svo rակleitt áfram og stefndi inn á Hverfisgötu.

Rétt í sama bili kom niður Reykjavíkurvegin vörubifreiðin G 587, sem mun hafa ekið með á að gizka 20—25 km hraða og var 3—4 billengdir fyrir ofan stefnu, sem G 540 hélt. Skipti nú engum togum, að bifreiðarnar rákust saman á miðjum Reykjavíkurveginum. Bifreiðin G 587 hemlaði og stöðvaðist, að því er virðist um leið og áreksturinn varð, en G 540 hentist lítið eitt til hægri undan árekstrinum, sem kom á vinstri hlið hennar, og rann síðan yfir götuna, skáhalt til hægri, á litilli ferð inn á Hverfisgötu og stöðvaðist þar úti á hægri vegarbrún með hæggra framhjól út af þannig, að bifreiðin vóg salt á brúninni. En á vegarbrúninni þarna er hár grjótkantur.

Í sama bili og bifreiðin stöðvaðist, hljóp Hjálmar, sem sat í fram-sælinu, út hæggra megin.

Sá hann þá, að litill drengur lá á grúfu samankipraður undir miðri bifreiðinni.

Var drengurinn að rísa á fætur og hljóðaði, er honum var hjálpað undan bifreiðinni. Drengurinn var með stóran áverka á höfði og blæddi mikið. Reyndist hann vera Rúnar Brynjólfsson, til heimilis að Hverfisgötu 41, Hafnarfirði, níu ára gamall. Drengurinn var settur upp í bifreiðina G 587, og honum strax ekið á sjúkrahúsið í Hafnarfirði og náð í lækni.

Hvorki ákærði né farþeginn, sem með honum var, höfðu komið auga á drenginn á götunni.

Drengurinn hafði gengið vestur Hverfisgötu og fór út á vinstri vegarbrún, þegar hann sá bílana koma, og ætlaði að bíða þar, á meðan þeir færu fram hjá. Áttaði hann sig ekki fyrr en billinn kom ofan á hann, en þarna sem drengurinn stóð er grjótkantur á veginum, rúmur meter á hæð.

Hemlar bifreiðarinnar reyndust eftir áreksturinn vera í góðu lagi og stýrisútbúnaður hennar einnig, svo hægt var að stjórna bifreiðinni. Bifreiðarstjórinn var óþreyttur og vel fyrir kallaður.

Ákærði telur sig hafa hemlað, er hann varð var hinnar bifreiðarinnar. Margt bendir þó til þess, að hann hafi ekki hemlað, eða

a. m. k. ekki nægilega, með því að hann hefði þá átt að geta stöðvað bifreiðina með þeim hraða, sem hún hafði, og á þeirri vegarlengd, sem milli bifreiðanna var, er hann sá, að árekstur var yfirvofandi. Það verður að telja stórkostleg mistök hjá ákærða að stöðva ekki bifreið sína, strax eftir að áreksturinn var um garð genginn. Á þeim hraða, sem hún þá hafði, um eða undir 5 km á klukkustund, hefði hann átt að geta stöðvað hana svo að segja á staðnum, eða a. m. k. áður en hún rann út á Hverfisgötuna, og afstýrt slysinu.

Þá bar ákærða og að halda sig á vinstri helmingi Hverfisgötu, en ekki eins og hann gerði, stefna út af götunni til hægri og eiga þannig á hættu að lenda út af háum grjótgarði, sem minnstu munaði, að yrði.

Auk alls þessa er það stórkostleg vangæzla og eftirtektarleysi af ákærða að sjá ekki drenginn beint fyrir framan bifreið sína og aka þannig yfir hann. Það verður að telja, að ákærði hafi með öllum þessum mistökum og gálausum akstri orðið valdur að slysinu.

Meiðslin, sem Rúnar Brynjólfsson hlaut, voru þau, að höfuðkúpan brotnaði, húðflípar rifnuðu á hægri kinn og hálsvöðvi skarst í sundur. Er hann nú gróinn sára sinna, og telur læknir, að hann sé búinn að ná fullri heilsu, en hægri augnabrunin er máttlaus, og ekki búit við, að það batni, og á hægri kinn er stórt og áberandi ör. Í þessu máli hefur ekki verið krafizt neinna skaðabóta vegna þessa.

Reykjavíkurvegur er aðalgata og ein hin mesta umferðargata á Íslandi, svo að oft á daginn er um hana stöðug umferð. Á gatnamótunum við Hellisgötu er að neðan hornhús, sem skyggir að mestu á útsýni niður Reykjavíkurveg, þegar ekið er austur Hellisgötu, eins og ákærði gerði. En að ofan til vinstri við ákærða var óhindrað útsýni upp eftir Reykjavíkurvegi, nægilega langt vegna umferðarinnar, áður en á gatnamótin kemur.

Það verður því að teljast stórkostleg óaðgæzla af ákærða að aka rակleitt út á Reykjavíkurveg, eins og hann gerði, án þess að fullvissa sig um, að það væri óhætt vegna umferðarinnar, og alveg einstakt eftirtektarleysi, að hann skyldi ekki sjá bilinn, sem að ofan kom, í tæka tíð.

Með framangreindu atferli hefur ákærði brotið gegn 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, 4. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 16. júní 1941 og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald.

Þá ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða ökuleyfi í 4 ár frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar, kr. 250.00.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Þorberg Eggertsson, skal sæta 60 daga varðhaldi. Hann skal sviptur ökuleyfi í 4 ár frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði allan kostnað málsins, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar lögfræðings, kr. 250.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. marz 1947.

Nr. 164/1946. **Sæmundur Stefánsson**

(Hrl. Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Pétur Leifssyni** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Húsnæðismál.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. desember f. á., gerir þær dómkröfur, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi fellur og að viðurkennt verði, að honum sé óskylt að rýma nokkurn hluta íbúðar þeirrar, sem hann hefur á leigu á Freyjugötu 35 í Reykjavík, en til vara krefst hann þess, að honum verði dæmt óskylt að rýma nokkurn hluta íbúðarinnar fyrir en 1. júlí þ. á. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að áfrýjanda sé ekki dæmt skylt að rýma eldhús íbúðarinnar fyrir en 1. júní þ. á.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 800.00 í málskostnað í hæstarétti.